

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



Reykjavík 26. október 2015  
UST201510-028/K.S.J.  
10.04.02


**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022. Ný og breytt iðnaðarsvæði í og við Þorlákshöfn.**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 – 2022. Breytingartillagan mun ná til iðnarsvæðis vestan Þorlákshafnar og svæðis fyrir verslun og þjónustu innan Þorlákshafnar.

Í breytingartillögu verður gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar sem er áætlað 150 ha. Það svæði er að hluta ætlað fyrir lyktarmengandi starfsemi. Áætlað er að núverandi iðnaðarsvæði norðan Suðurstrandavegar verði minnkuð eða felld út. Einnig er gert ráð fyrir nýju 85 ha iðnaðarsvæði sunnan vegar vegna starfsemi er þarfnast nálægðar við sjó. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi á aðgengi almennings með fram sjó sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 09/2013. Í Þorlákshöfn er gert ráð fyrir að iðnaðarsvæði við Laxabraut 13 stækki til vesturs.

Umhverfisstofnun telur þær breytingar er felast í ofangreindri áætlun vera til bóta, þar sem að hluta er fallið frá áætlun um iðnaðarsvæði sem eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og fela mögulega í sér röskun á náttúruminum er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur